

GJALDSKRÁ
um breytingu á gjaldskrá nr. 305/2006
fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á svæði
Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar er svohljóðandi:

Tímagjald	kr. 6.990
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 9.200
Tóbaksleyfisgjald	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald í samræmi við fylgiskjal, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur síðastliðin fjögur ár haft vottað gæðakerfi, samning við faggilta skoðunarstofu eða rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis fer fram hluti margþætts eftirlits með starfsemi, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu.

Sauðárkróki, 20. júní 2007.

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

Steinunn Hjartardóttir framkvæmdastjóri.